

Heimilt er hreppsnefndinni að selja verðbréf sjóðsins, ef samþykki sýslunefndar kemur til. **99**

15. maí

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Í desember 1937,

f. h. hreppsnefndar Torfalækjarhrepps

Jón Stefánsson

oddviti.

AUGLÝSING

100

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu,
nr. 102 31. ágúst 1937.

26. maí

2. málsgr. 33. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Réttarstjóri á aukarétt sér um, að úrtíningur sé rekinn til aðalréttar á þann hátt, sem hreppsnefnd hefur mælt fyrir um, enda tilnefni hreppsnefnd sérstaka menn til þess að reka fé af aukarétt á aðalrétt og sé það talið til annarra fjallskila.

Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Úrtíningur telst það fé, sem ekki á heima á svæði því, er aukarétt nær til.

Breyting þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1927, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. maí 1950.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

GJALDSKRÁ

101

fyrir Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

2. júní

I. RAFORKA

Rafveita Austur-Húnavatnssýslu selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Um hemla eða hemilmæla.

Fyrir kr. 600.00 hvert kílóvatt um árið. Rafveitan selur eigi minna afl um hemil en $\frac{1}{2}$ kílóvatt.

Þeir notendur, sem festa kaup á 20 kw. a. m. k. til heils árs, skulu geta fengið það afl, er þeir nota fram yfir fastaafli, gegn kwst.gjaldi:

1. Til iðnaðar eða vélareksturs fyrir 50 aura hverja kwst.
2. Til upphitunar húsa eftir sérstökum samningi, þar sem tekið er tillit til þess á hvaða tíma dags orkan er notuð.

Rafveitustjóra er heimilt að takmarka raforkusölu um hemla og hemilmæla með tilliti til þess, að vélaafli, götulínur og spennar þoli álagið.